

## Úrskurður 5/2006.

**Kærður er úrskurður tollstjóra þar sem ákvörðuð eru hámarks tollfríðindi vegna brúðargjafar. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og aðflutningsgjöld endurgreidd. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.**

Með faxbréfi dags. 13. október 2006 kærir L. f.h. A og B. úrskurð tollstjóra nr. 4/2006. Í hinum kærða úrskurði er umbjóðendum kæranda gert að greiða aðflutningsgjöld af brúðargjöf. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og aðflutningsgjöldin endurgreidd.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að þann 10. júlí s.l. hafi aðili sem var að flytja búslóð sína til landsins og tollafgreiða framvísað flatskjá og fylgihlutum við hann. Flatskjár þessi var brúðkaupsgjöf til kæranda og eiginkonu hans en þau gengu í hjónaband í desember árið 2005. Tollstjóri hafnaði niðurfellingu gjalda að hluta þar sem skilyrði tollalaga og reglugerðaákvæða þar um voru ekki uppfyllt. Ástæða fyrir synjuninni var tvíþætt, annars vegar sú að embættið taldi að of langur tími hafi liðið á milli þess sem brúðkaupið fór fram og þar til sendingin kom til landsins og hins vegar að verðmæti gjafarinnar er töluvert hærra en þau viðmið sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir varðandi undanþágu aðflutningsgjalda vegna gjafa. Samkvæmt gögnum málsins kostaði umræddur flatskjár, ásamt fylgihlutum, EUR 1.841,98. Með bréfi, dags. 25. júlí 2006, barst embættinu kæra ásamt upplýsingum um það hver væri ástæða þess að svo langur tími hafi liðið frá brúðkaupi og þar til brúðkaupsgjöfin var send til landsins. Í kærinni kom fram að óskað væri eftir því að ákvörðun tollstjóra yrði breytt í ljósi nýrra upplýsinga.

Síðan segir í úrskurði tollstjóra:” Í 6. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum er fjallað um tollfrjálsar vörur. Samkvæmt a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, skulu gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands eða hafa með sér frá útlöndum að sérstöku tilefni vera tollfrjálsar, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 10.000 kr. Sé verðmæti gjafar meira en 10.000 kr. skal gjöf þó einungis tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti. Í seinni málslið ákvæðisins kemur jafnframt fram að brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 10.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða. Í 4. gr. reglugerðar nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, er nánar fjallað um undanþágu aðflutningsgjalda vegna gjafa.

Í áður nefndu ákvæði tollalaga er kveðið á um að brúðkaupsgjafir skuli vera tollfrjálsar þó svo að verðmæti þeirra sé meira en 10.000 krónur, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða. Í ákvæðinu er ekki kveðið á um tímamörk, þ.e. hversu langur tími megi líða frá því að brúðkaup fari fram þar til brúðkaupsgjöf er send til landsins. Þá kemur ekki fram hvert verðmæti gjafarinnar megi að hámarki vera. Þrátt fyrir að lagaheimildin sé tiltölulega opin að þessu leyti þá er ljóst að hún er háð mati tollstjóra, m.a. á því hvort að nægjanlega sé sýnt fram á að tengsl séu á milli brúðkaups og innflutnings brúðkaupsgjafa og því hvað geti talist eðlilegt og hæfilegt verðmæti gjafa í þessu sambandi. Hingað til hefur tollstjóri ekki tekið afstöðu til þess hvert verðmæti brúðkaupsgjafa megi að hámarki vera svo þær falli undir undanþáguákvæði tollalaga og reglugerðar nr. 797/2000. Ljóst er að embætti tollstjóra getur ekki mismunað aðilum máls eftir efnahag hvers og eins til þess að ákvarða hvað teljist vera eðlilegt og hæfilegt verðmæti brúðkaupsgjafa í hverju tilfelli fyrir sig, heldur verður matið að vera almennt. Við mat sem þetta verður að líta til þeirra reglna sem gilda á sviði tollamála og varða undanþáguheimildir. Óljóst er hvaða sjónarmið liggja að baki undanþáguheimildinni í tollalögum vegna brúðkaupsgjafa, en má ætla að ættingjar og vinir brúðhjóna sem gifta sig hér á landi geti sent hingað til lands brúðkaupsgjafir sem brúðhjón geti síðar fengið tollafgreiddar án þess að þurfa að greiða aðflutningsgjöld. Í b-lið 2. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 skal varningur, þ.m.t. áfengi og tóbak, sem ferðamenn og farmenn hafa með sér hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi umfram það sem greinir í a-lið, að tilteknu hámarki sem ráðherra ákveður í reglugerð, vera undanþeginn aðflutningsgjöldum. Í reglugerð nr. 526/2000 um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, hefur þessi regla verið útfærð nánar. Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er ferðamönnum sem búsettir eru hér á landi, heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi –auk áfengis og tóbaks, sbr. 3. mgr. 5. gr., fyrir allt að 46.000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 23.000 kr.”

Við mat á því hversu hátt verðmæti brúðkaupsgjafa megi vera að hámarki til þess að fá aðflutningsgjöld felld niður í samræmi við ákvæði tollalaga telur embættið eðlilegt að hafa hliðsjón af ákvæðum 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000. Með vísan til þess og með hliðsjón af framansögðu er það mat embættisins að hæfilegt verðmæti brúðkaupsgjafa skv. a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 797/2000, sé að hámarki ISK 23.000.

Tollstjóri telur að það sé fullangur tími liðinn frá því að brúðkaupið átti sér stað og þar til að brúðkaupsgjöf var send til landsins, eða u.þ.b. sjö mánuðir Hins vegar sé hvorki í lögum né reglugerðum kveðið á um tímamark í þessu sambandi.

Tollstjóri úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að fella skuli niður aðflutningsgjöld að hluta vegna brúðkaupsgjafar þ.e. að hámarki ISK 23.000. Aðflutningsgjöld skulu greidd af því verðmæti sem er umfram þá fjárhæð.

Í málavaxtalýsingu kæranda segir m.a. að umbjóðendur hans hafi gengið í hjónaband í lok árs 2005. Nokkru fyrir brúðkaupið hafi bróðir brúðgumans haft samband við tollstjóra í þeim tilgangi að fá upplýsingar um tollmeðferð á brúðkaupsgjöf sem hann hugðist gefa bróður sínum og mágkonu. Til þess að lágmarka kostnað á því að koma gjöfinni til Íslands þar sem brúðhjónin búa var ákveðið að flytja gjöfina heim með aðila sem er tengdur brúðhjónunum og var að flytjast búferlum til landsins. Gjöfin kom því til landsins eftir brúðkaupið. Síðan segir í kærinni að fram komi í hinum kærða úrskurði að niðurfellingu tollgjalda sé hafnað á þeim grundvelli að of langur tími hafi liðið frá brúðkaupi þar til brúðkaupsgjöfin var flutt til landsins sem og að hún hafi verið of verðmæt miðað við þau viðmið sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Kærandi vísar til 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 en þar segir :”Brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 10.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða.”

Síðan segir orðrétt í kærinni “Í viðkomandi lagaákvæði er skýr heimild til niðurfellingar aðflutningsgjalda. Ekkert skilyrði er um að brúðkaupsgjöfin þurfi að berast fyrir einhvern ákveðinn tíma. Ákvörðun Tollstjóra virðist því byggjast á mati hans og huglægri afstöðu hvað teljist eðlilegt verðmæti brúðkaupsgjafa. Gjöfinni er beint til tveggja einstaklinga sem eru að ganga í hjónaband. Hjónaband er stór stund í lífi einstaklinga. Gjöfin sem slík getur því ekki talist vera verðmæt í nútímasamfélagi þar sem einstaklingar gefa öðrum einstaklingum gjafir upp á mörg hundruð þúsund krónur án þess að það þyki tiltökumál.”

Kærandi telur að sú lagaheimild sem tollstjóri noti til að finna hæfilega fjárhæð, sé ekki tæk hvað varðar brúðkaupsgjafir. Tollstjóri vitni til reglugerðar nr. 526/2000, sem hafi lagastöð í b lið 2. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 sem fjalli um áfengi og tóbak. Í tilviki sem þessu sé lagaákvæði ekki skýrt og einhver óvissa á ferðum sem setja þurfi skýrari reglur um. Ekki sé ásættanlegt að tollstjóri noti einhverja fjallabaksleið til að rökstyðja synjun á notkun undanþáguákvæðis.

Síðan segir í kærinni að úrskurður tollstjóra byggist á huglægu mati ellegar matskenndri ákvarðanatöku um réttindi eða skyldur einstaklinga. Þegar slíkar ákvarðanir séu teknar eigi fagleg sjónarmið að ráða ferð. Meginreglan í töku matskenndra ákvarðana, sé að stjórnvaldið velji á hvaða málefnalegu sjónarmiðum þau byggji. Stjórnvöld hafi þó ekki óheft frelsi um val á sjónarmiðum þar sem ákveðnar efnisreglur, lögfestar eða ólögfestar geta ákvarðað vægi sjónarmiða. Í þessu ákveðna tilviki setji sá aðili sig sem gaf brúðkaupsgjöfina í samband við töllyfirvöld símleiðis. Þar fékk hann upplýsingar um hvaða lög og reglugerðir giltu um viðkomandi gerning. Í framhaldi af því tók hann ákvörðun um að gefa brúðhjónunum gjöfina þar sem hann gat ekki lesið annað út úr fyrirbyggjandi reglum en að aðflutningsgjöld yrðu felld niður. Í úrskurði tollstjóra sé ekkert sem segir að gjöfin sé verðmeiri heldur en eðlilegt þyki. Byggist hin matskennda ákvörðun tollstjóra því ekki á því að hann hafi kynnt sér hvað væri eðlilegt og hæfilegt miðað við þá tíma sem við lifum á. Virðist því hin matskennda ákvörðun vera tekin án þess í raun að vega og meta þau sjónarmið sem lagagreinin vísar til, þ.e. hvað sé eðlilegt og hæfilegt. Hér hafi stjórnvald því ekki sinnt skyldubundnu mati sínu að mati kæranda. Og í stað þess sé vísað til reglugerðar sem byggist á lagaákvæði er varði undanþágu á aðflutningsgjöldum er varði tóbak og áfengi.

Með vísan til meginreglna stjórnsýsluréttar er því byggt á að tollstjóri hafi ekki farið að meginreglum stjórnsýsluréttarins hvað varðar ákvarðanatöku á matskenndum sjónarmiðum. Hvað tilvísanir til réttarreglna varðar er vísað til eftirfarandi reglna stjórnsýsluréttarins; rannsóknarreglu, meðalhófsreglu, jafnræðisreglu og meginreglna um réttmæta málsmeðferð. Einnig byggja kærendur á því að skýrleiki lagaheimilda verði að vera ótvíræður ef leggja á gjöld á einstaklinga eða lögaðila, með vísan til 40. gr. og 77. gr. stjórnskrár Íslenska lýðveldisins nr. 33/1944.

Er því krafist að viðkomandi úrskurður verði felldur úr gildi og aðflutningsgjöld þau sem kærendur hafa þegar greitt með fyrirvara verði felld niður.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi 13. október 2006. Í svari sem barst nefndinni þann 8. nóvember s.á. segir m.a. að brúðargjöfin hafi verið flutt til landsins þann 10. júlí s.l. og

reynst vera flatskjár sem samkvæmt gögnum málsins kostaði ásamt fylgihlutum, EUR 1.841,98. Þá segir að viðkomandi hafi verið tilkynnt sú ákvörðun embættisins að hafna niðurfellingu gjalda að hluta þar sem skilyrði tollalaga og reglugerðaákvæða þar um voru ekki uppfyllt. Ástæða fyrir synjuninni var tvíþætt, annars vegar sú að tollstjóri taldi að of langur tími hafi liðið á milli þess sem brúðkaupið fór fram og þar til sendingin kom til landsins og hins vegar að verðmæti gjafarinnar sé töluvert hærra en þau viðmið sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir varðandi undanþágu aðflutningsgjalda vegna gjafa.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í 6. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum sé fjallað um tollfrjálsar vörur. Samkvæmt a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, skulu gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands eða hafa með sér frá útlöndum af sérstöku tilefni vera tollfrjálsar, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 10.000 kr. Sé verðmæti gjafar meira en 10.000 kr. skal gjöf þó einungis tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti. Í seinni málslið ákvæðisins kemur jafnframt fram að brúðkaupsgjafir skuli vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 10.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða. Í 4. gr. reglugerðar nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, er nánar fjallað um undanþágu aðflutningsgjalda vegna gjafa. Í áður nefndu ákvæði tollalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 797/2000 sé kveðið á um að brúðkaupsgjafir skuli vera tollfrjálsar þó svo að verðmæti þeirra sé meira en 10.000 krónur, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða. Í ákvæðinu komi ekki fram hvert verðmæti gjafarinnar megi að hámarki vera. Ljóst sé að löggjafinn hafi falið embætti tollstjóra að meta það hvað teljist vera eðlileg og hæfileg brúðkaupsgjöf í þessu sambandi, þ.e.a.s. þegar taka á ákvörðun um niðurfellingu aðflutningsgjalda samkvæmt 6. gr. tollalaga. Í kærubréfi sé því haldið fram að ákvörðun tollstjóra byggist á mati hans og huglægri afstöðu hvað teljist vera eðlilegt verðmæti brúðkaupsgjafa. Í þessu sambandi telur tollstjóri rétt að taka fram að embættið telur að við mat sem þetta verði að styðjast við almennan mælikvarða, þ.e.a.s. miða verður við það sem almennt má ætla að sé eðlilegt og hæfilegt verðmæti brúðkaupsgjafa. Af þessu leiðir að embætti tollstjóra getur ekki mismunað aðilum máls eftir efnahag hvers og eins þegar ákveðið er hvað teljist vera eðlilegt og hæfilegt verðmæti brúðkaupsgjafa, enda væri það brot á jafnræði milli aðila máls hverju sinni.

Embætti tollstjórans í Reykjavík er sammála lögmanni kæranda að úrskurður embættisins byggji á matskenndri ákvörðun og að meginregla sé sú að stjórnvöld ráði á hvaða málefnalegu sjónarmiðum þau byggja slíka ákvörðun. Ennfremur að stjórnvöld hafi þó ekki óheft frelsi um val á sjónarmiðum þar sem ákveðnar efnisreglur, lögfestar eða ólögfestar geti ákvarðað vægi sjónarmiða enda verða að búa málefnaleg sjónarmið að baki sérhverri stjórnvaldsákvörðun. Þá telur embættið jafnframt að mat stjórnvalda á því hvaða á sjónarmiðum ákvörðun skuli byggð sé ekki frjálst að öllu leyti. Embættið telur að hafa beri hliðsjón bæði af jafnræðisreglunni og meðalhófsreglunni ásamt öðrum efnisreglum lögfestum og ólögfestum. Í úrskurði tollstjóra, dags. 16. ágúst s.l., komi fram að við mat sem þetta verði að líta til þeirra reglna sem gilda á sviði tollamála og varða undanþáguheimildir. Þá telur embættið eðlilegt, til þess að gæta jafnræðis við úrlausn mála hverju sinni þegar til greina kemur að fella niður aðflutningsgjöld, að hafa hliðsjón af undanþáguheimildum annarra reglugerða er fjalla um niðurfellingu aðflutningsgjalda.

Í úrskurðinum kemur fram að við mat á því hversu hátt verðmæti brúðkaupsgjafa megi að hámarki vera til þess að fá aðflutningsgjöld felld niður taldi embættið eðlilegt að hafa hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 526/2000 um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, þ.e.a.s. 2. gr. reglugerðarinnar. Það er mat embættisins að viðtakandi brúðkaupsgjafar sem send er hingað til lands, sbr. a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 797/2000, eigi ekki að greiða hærra aðflutningsgjöld en sá sem kemur með vöru hingað til lands sem ferðamaður, sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000. Með hliðsjón af ofangreindu er það mat embættisins að hæfilegt verðmæti brúðkaupsgjafa, samkvæmt a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 797/2000, sem sé undanþegið aðflutningsgjöldum skuli að hámarki ISK 23.000.

Tollstjóri er ekki sammála þeirri fullyrðingu sem fram kemur í kærinni að niðurfellingu aðflutningsgjalda sé hafnað á þeirri forsendu að of langur tími hafi liðið frá brúðkaupi þar til brúðkaupsgjöfin var flutt til landsins. Í a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga er ekki fjallað um tímamörk, þ.e. hversu langur tími megi líða frá því að brúðkaup fari fram þar til brúðkaupsgjöf er send til landsins til þess að niðurfelling geti átt sér stað. Hins vegar er í úrskurði tollstjóra sérstaklega tekið á því ágreiningsefni er varðar tímamörk í þessu sambandi. Það kemur skýrt fram í úrskurðinum, að það sé mat embættisins að það sé ekki of langt um liðið frá brúðkaupi og þar til sendingin kom til landsins til þess að krafa um undanþágu aðflutningsgjalda verði tekin til greina. Þá ber að áréttta að beiðni um niðurfellingu aðflutningsgjalda var ekki hafnað þar sem niðurfelling var heimiluð að hámarki ISK 23.000.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í kærubréfi sé því haldið fram að sú lagaheimild sem notuð hafi verið til þess að finna hæfilega fjárhæð sé ekki tæk hvað varði brúðkaupsgjafir. Í kærubréfinu kemur neðangreint fram:

*„Tollstjóri sé að vitna til reglugerðar nr. 526/2000, sem hafi lagastoð í b lið 2. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 sem fjalli um áfengi og tóbak. Í tilviki sem þessu er lagaákvæði ekki skýrt og einhver óvissa á*

ferðum sem setja þarf skýrari reglur um. Ekki sé ásætlanlegt að Tollstjóri noti einhverja fjallabaksleið til að rökstyðja synjun á notkun undanþáguákvæðis”.

Tollstjóri tekur fram í þessu sambandi að reglugerð nr. 526/2000, sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, fjallar um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, líkt og heiti hennar gefur til kynna, og er áfengi og tóbak meðal þeirra vara sem er fjallað þar undir. Hins vegar fjallar hvorki ofangreint ákvæði tollalaga né ákvæði reglugerðar nr. 526/2000 eingöngu um áfengi og tóbak. Er því um misskilning að ræða af hálfu lögmanns kæranda sem tollstjóri taldi rétt að leiðrétta.

Þá segir í greinargerðinni að í kærubréfi telji lögmaður að tollstjóri hafi ekki farið að meginreglum stjórnáskráráttarins við ákvörðun sína og var í því sambandi vísað til rannsóknarreglunnar, meðalhófsreglunnar, jafnræðisreglunnar og meginreglunnar um réttmæta málmeðferð. Hins vegar sé í kærubréfi ekki skýrt nánar hvernig lögmaður kæranda telur að embættið hafi farið gegn þessum reglum. Líkt og áður hefur komið fram þá er undanþáguheimild tollalaga nokkuð opin þar sem hún eftirlætur tollstjóranum mat á því hvað geti talist eðlilegt og hæfilegt verðmæti brúðkaupsgjafa í hverju tilviki fyrir sig. Þrátt fyrir það að ofangreint undanþáguákvæði tollalaga eftirláti tollstjóranum mat á því hvaða sjónarmið beri að leggja til grundvallar ákvörðuninni, þá sé mat tollstjórans ávallt bundið af lögfestum og ólögfestum efnisreglum s.s. jafnræðisreglu, meðalhófsreglu o.fl. Þá beri að áréttta að hámarks fjárhæð brúðkaupsgjafa sé miðuð við undanþáguákvæði hliðstæðrar reglugerðar í því skyni að gæta hófs og jafnræðis í málum er varða niðurfellingu aðflutningsgjalda.

Hvað varðar það sem fram kemur hjá kæranda að skýrleiki lagaheimilda verði að vera ótvíræður ef leggja á gjöld á einstaklinga eða lögaðila, með vísan til 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 tekur tollstjóri fram að það er skýr og ótvíræð heimild í tollalögum til innheimtu aðflutningsgjalda. Í III. kafla tollalaga er fjallað um tollskylda aðila. Í 3. gr. tollalaga kemur fram að hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, sbr. þó 4. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá. Í IV. kafla tollalaga er svo nánar fjallað um tollskyldar vörur, undanþágur o.fl. Í 5. gr. tollalaga kemur fram að af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins skuli greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá. Með vísan til ofanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar tollstjórans í Reykjavík nr. 4/2006, er þess krafðist að hann verði staðfestur, þ.e. að aðflutningsgjöld vegna brúðkaupsgjafar verði felld niður að hámarki ISK 23.000,-.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda þann 9. nóvember í ábyrgðarpósti. Var honum gefinn frestur til 29. s.m. til að tjá sig um greinargerðina. Kærandi hefur ekki tjáð sig um greinargerðina við nefndina innan tilgreinds frests.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir fyrirbyggjandi gögn. Mál þetta snýst um ágreining um gjaldtöku af vöru sem flutt var til landsins sem brúðargjöf, þ.e. hvort verðmæti gjafarinnar hafi verið of mikið til að hún geti notið gjaldfrelsis að öllu leyti. Í upphaflegum úrskurði er því einnig velt upp að gjöfin hafi verið flutt til landsins u.þ.b. sex mánuðum eftir brúðkaupið og spurt hvort slíkt eigi að leiða til þess að innflytjandi vörunnar hafi fyrirgert rétti sínum til niðurfellingar gjalda að öllu leyti eða að hluta. Tollstjórinn í Reykjavík tekur þá afstöðu í umsögn sinni um kærana til ríkistollanefndar að engin tímamörk séu í lögum sem takmarki þessa heimild og því snúist ágreiningsefnið eingöngu um hvort verðmæti hinnar innfluttu vöru leiði til þess að hún geti ekki notið niðurfellingar gjalda að fullu.

Í upphaflegum úrskurði tollstjóra er enda kveðinn upp úrskurður um niðurfellingu gjalda að hluta, nánar tilgreint að hluti tollverðs vörunnar eða kr. 23.000,- ISK skuli gjaldfrjáls en greiða skuli aðflutningsgjöld af verðmæti vörunnar umfram ISK 23.000,-.

Ríkistollanefnd tekur undir rök tollstjóra í umsögn hans að innflutningur gjafarinnar löngu eftir brúðkaup skiptir ekki máli, enda engin tímamörk tilgreind í tollalögum hvað þetta varðar. Að mati ríkistollanefndar færir tollstjóri ágæt rök fyrir úrskurði sínum. Óumdeilt er að meðhöndla skal tollmeðferð brúðargjafa skv. 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005, en þar segir: “Brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 10.000,- kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða.” Síðan eru nánari reglur um þessa undanþágu í 4. gr. rgl. nr. 797/2000, enda þótt þar sé ekki tilgreind nein ákveðin hámarksfjárhæð.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að löggjafinn leggur það í mat tollstjóra hvað teljist eðlileg og hæfileg gjöf sem geti notið fullrar niðurfellingar. Í þessu sambandi er rétt að benda á að ný tollalög voru lögfest í janúar 2006 og þar er tollfrelsi vegna gjafa almennt kr. 10.000,-. Heimild er hins vegar til handa tollstjóra til að ákvarða tollfrelsi brúðargjafa hærra. Tollstjóri ákveður að hafa til viðmiðunar tollfrelsis brúðargjafa ákvæði reglugerðar 526/2000, með síðari breytingum, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins. Þar er í 2. gr. tollfrelsi til handa ferðamönnum ákvarðað kr. 46.000,-. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en kr. 23.000,- til að njóta tollfrelsis að fullu. Þessi viðmiðun tollstjóra gildir væntanlega um alla aðila og er að mati nefndarmanna réttlát og gegnsæ nálgun. Í þessari

Ákvörðun tollstjóra er tollfrelsi brúðargjafa meir en helmingi hærra en þegar um er að ræða almenna gjöf, og telur ríkistollanefnd það vel í lagt en sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við þá framkvæmd. Þá er rétt að benda á að gjaldfrelsi er undantekning frá meginreglunni sem er gjaldskylda. Að mati ríkistollanefndar ber að skýra undanþáguákvæði þröngt.

Engin rök eru færð fyrir fullyrðingum kæranda um að tollstjóri hafi ekki farið að meginreglum stjórnsýsluréttar. Þvert á móti sér ríkistollanefnd ekkert athugarvert við afgreiðslu tollstjóra á málinu. Að öllu framanrituðu virtu ber að staðfesta úrskurð tollstjóra.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð. Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005, 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005, 4. gr. reglugerðar nr. 797/2000 og 1. mgr. 2. gr. reglugerðar 526/2000 með síðari breytingum, staðfestir ríkistollanefnd hinn kærða úrskurð tollstjóra